

**Nd.**

## **110. Frumvarp**

til laga um sölu á landspildu, tilheyrandi Þingeyraklaustursprestakalli, til Blönduóshrepps.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

### **1. gr.**

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Blönduóshreppi landspildu þá, tilheyrandi Þingeyraklaustursprestakalli, sem er milli lands jarðarinnar Hjaltabakka og lands Blönduóskaupþúns. Við land Blönduóskaupþúns ræður merkjum svo nefnd Neðribrekka, sem er sunnan við Blönduóskaupþún, eins og hún stefnir vestur til sjávar og upp á akbrautina, og þá akbrautin út að Blöndubrú.

### **2. gr.**

Landið má selja fyrir það verð, er dómkvaddir, óvilhallir menn meta. Ríkisstjórnin kveður á um alla söluskilmála.

### **Greinargerð.**

Ríkisstjórnin telur sig þurfa sjerstaka lagaheimild til sölu þessa lands, og því er frumvarp þetta fram boðið.

Hjeraðsprófastinum farast svo orð um þörf á sölu lands þessa:

### **Fylgiskjal.**

Jeg undirritaður, Bjarni Pálsson prófastur í Húnavatnsprófastsdæmi og prestur í Þingeyraprestakalli, lýsi því hjer með yfir, að gefnu tilefni, að jeg mæli með því eindregið, að Blönduóshreppur fái keypt leiguland það og landspildu norðan af öllu landi jarðarinnar Hjaltabakka í Torfalækjarhreppi, sem nefndur hreppur fjekk leigt til 50 ára með samningi, gerðum 5. júlí 1914 og staðfestum af Stjórnarráði Íslands 22. ágúst s. á., og byggi jeg meðmæli mín á ástæðum þeim, er nú skal greina:

1. Blönduóshreppur hefir auðsjáanlega mikla þörf á þessu landi, og það hefir lamandi áhrif hvað allar framkvæmdir snertir, svo sem girðingu landsins og ræktun í stórum stýl, að sitja við þessi miður sanngjörnu kjör, að hafa landið leigt aðeins til 50 ára, og verða þá landið af hendi að láta, eða eiga

undir högg að sækja hvað viðunanleg kjör snertir. Ætti það vel að geta skilist á þessum upplýstu tímum, að það er ekki til að greiða fyrir framförum eða auka þjóðarauðinn, að halda óræktuðum löndum, sem vel má af hendi láta, fyrir mönnum, sem dug og dáð hafa til að breyta þeim í ræktuð lönd, og því getur enginn neitað, að Blönduósmenn hafi sýnt það í verki á undanförunum áratugum, að þeir hafi mikinn áhuga á jarðabótum, enda er þörfin mikil, að grasrækt geti þar sem mest orðið, eins og aðstaðan er afarörðug með að stunda fiskveiðar, en vaxandi grasrækt og grasnyt mundi stuðla að velmegun hreppsins, en það hefir, ef rjett er skoðað, ekki litla þýðingu fyrir alt hjeraðið, að Blönduóskauptún geti sem best blómgast, því þar er aðalverslun Austur-Húnavatnssýslu, og hlýtur, eftir öllum staðhættum að dæma, að verða framvegis, og þá er áriðandi, að lífsskilyrðin geti verið þar svo sæmileg, að fólk, sem vinnur að verslun og skipaafgreiðslu, fái til að dvelja þar. Er því ekki vafasamt, að hjer er um þörf að ræða, sem ber að fullnægja.

2. Ekkert varhugavert virðist vera við það frá hálfu hins opinbera að láta umrætt land af hendi og fullnægja þannig þörf Blönduóshrepps. Hjer er aðeins um beutiland að ræða, að fráskildum hinum útmældu ræktunarlöndum. Að visu er þetta dágott beutiland. Nær það að sjó á litlu svæði og einnig að ánni Blöndu, þar sem dálitil veiði var til forna, og mætti þar að líkindum enn lítið eitt veiða, en þessi hlunnindi hafa um alllangan tíma reynst svo lítilfjörleg, að jeg get ekki álitil þau mikils virði. Get jeg ekki sjeð nokkra ástæðu fyrir hið opinbera að neita hreppsfjelagi um að fá slikt land keypt, þar sem margar ágætar jarðir um land alt hafa verið seldar einstökum mönnum.

Að því er kaupverð snertir á landspildu þeirri, sem hjer er um að ræða, þá leyfi jeg mjer að taka fram, að nýlega hefir hún, ásamt öðrnm jarðeignum landsins, verið metin til verðs, og þegar landið var leigt fyrir rúmlega 6 árum, þá var hin árlega leiga ákveðin 110 kr., og er sú skoðun mín enn óbreytt, að það hafi verið bygt á fullri sanngirni.

Steinnesi, 4. febrúar 1921.

Bjarni Pálsson.